

Fundargerð 203. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn miðvikudaginn 11. Febrúar 2026, kl. 15:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, formaður, Gunnar Sigurðsson og Einar Sveinn Kristjánsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Sigurður Gunnar Benediktsson og Einar Óskar Friðfinnsson.

Fjarverandi: Kristmundur Skarphéðinsson og Ingi Bogi Hrafnsson

Dagskrá:

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 202

Fundargerð samþykkt og send í rafræna undirritun.

2. Skýrsla formanns

Það var haldinn fundur í orlofsnefnd og farið yfir hvað þarf að gera á Laugarvatni, þá einna helst við raðhúsin til að koma þeim í betra horf. Það þarf að breyta fyrirkomulagi með varmaskipta, verður að taka þá út úr húsi. Gunnar Fannberg kom með tillögu á fundinn, kynnti hana og yfirlit sva fundinn. Ákveðið var að fá Ragga til skoða þetta líka. Það sem Gunnar kom með á fundinn var svolítið fjarstæðukennt, flókið. Píparinn kemur með tilboð. Ragnar er tekinn við rekstrinum á Laugarvatni en hann hefur séð um allt fyrir Rafiðnaðarsambandið í mörg ár.

Það var fundur hjá Gildi og landsambandi Lífeyrissjóða og Lífeyrisnefnd ASÍ. Fór mikið fyrir svokölluðum örorkusjóði sem væri þá höndum ríkisins og hvernig væri hægt að útfæra það. Fundur á morgun hjá Gildi. Það er komið í fréttir að VR og Birta séu í sameiningaviðræðum. Spurt var hvers vegna allt í einu er svona mikið talað um sameiningar lífeyrissjóða og óskað eftir að fá það útskýrt á mannamáli. Formaður sagði að á bakvið þetta er að einhverjir lífeyrissjóðir eru komnir að þeim mörkum að þeir þurfa að fara að lækka útgreiðslur. Regluverkið orðið svo flókin frá Seðlabankanum að það þarf meira starfsfólk, sama vinna hvort sem sjóður er lítill eða stór, svo litlu einingarnar eru mjög óhagstæðar. Og svo er það líka örorkubirgðin.

Fundað í tvígang með Hafró um bættan vinnutíma, fyrst með stjórnendum og svo með stjórnendum og áhöfnum. Þessi staða kemur oft upp eftir kjarasamninga þ.e. að funda þurfi um einstök atriði.

Við höfum verið að vinna með verðlagsstofu og SFS um að fá upplýsingar um hráefnishlutfall

hjá fiskvinnslum sem er einn þátturinn í verðlagningu á fiski í beinum viðskiptum. Það var samið um þetta fyrir líklega 20 árum og svo hafa menn alltaf fengið að vita hlutfallið þegar hentar að segja frá því. Þetta hefur aldrei verið unnið jafn langt og núna. Tveir hagfræðingar eru að vinna þetta fyrir okkur ásamt hagfræðingi frá SFS. Þetta er liður í því að tryggja að álagning á fiski geti verið nálægt raunveruleikanum. Vantar samt að fá inn í þetta sölunótur að utan.

Þá funduðum við vegna 36. grein sjómanna laga sem snýst um veikindalaun í skiptimannakerfi. Menn eru að dekkja hvern annan í veikindum þannig að sá sem er ekki veikur fer túrinn fyrir þann veika og hann borgar honum svo dagana þegar hann er orðinn góður og útgerðin borga ekkert. En í kjarasamningi okkar stendur að allir eiga að vera jafnt settir í veikindatilfellum. Mikill ágreiningur um hvernig á að túlka þetta. Við sendum bréf um okkar túlkun sem við unnum með Jónasi og Lilju, lögmanni skipstjórnarmanna. En formaður er hræddur um að þetta sé mál sem muni enda í málaferlum.

Þá var fundað hjá ÍÐUNNI meðal annars um launamál vegna verkefna sem utanaðkomandi vinna fyrir ÍÐUNA t.d. í sveinsprófum. Við erum leiðinlegi aðilinn í þessu því við eigum þarna nokkra menn. Eitt stéttarfélag hefur hótað málaferlum vegna þessa og er búið að senda kröfu á þá. Okkar menn hafa bara látið þetta yfir sig ganga en launin hafa bara hækkað einhvern veginn og þetta þarf að leysa.

3. Tímalína kosninga

Í fylgiskjöllum er skjal sem sýnir tíma línu kosninga í stjórnar og formannskjöri. Formaður fór yfir skjalið. 2. mars verður opnað fyrir framboð og verður framboðsfrestur til 31. mars. Kosning hefst síðan 5. Apríl og líkur 20. apríl. Outcom mun halda utan um kosninguna fyrir okkur. Formaður spurði um hvernig menn sæju fyrir sér að tilkynna úrslitin. Menn almennt á því að niðurstaða kosningarinnar megi fara á heimasíðu félagsins um leið og þeir sem kjörnir eru hafi verið látnir vita. Formannskjörið ætti að tilkynna með símtali en stjórnarkjörið má alveg fara í tölvupósti.

4. Yfirlitsskýrsla Fagfélaganna

Formaður fór yfir skýrslu mánaðarins.

5. Önnur mál

- a. **Stjórn Gildis**, núna er að renna út kjörtímabil formanns í Gildi. Við eigum þarna sæti í fjögur ár á móti fjórum árum skipstjórnarmanna. Það verður kosið í stjórn Gildis áður en aðalfundur verður og formaður óskar eftir að fá að bjóða sig fram aftur til næstu tveggja ára . Stjórn samþykkti.
- b. **Golfskálinn Dalbúi – vatnstjón**. Við eigum 25% í Dalbúa. Heitavatnstjón varð í golfskálanum. Fengum rúmar 14 milljónir úr tryggingum en stundum þarf að bæta við peningum í framkvæmdir. Verið er að leita tilboða. Formaður vildi bara upplýsa stjórnarmenn um stöðuna.

Fundi slitið 11:08

Fundargerð ritaði: Áslaug R. Stefánsdóttir